- Á sama tíma og áhersla er á fjölgun leikskólalássa til að takast á við biðlista, hefur ekki tekist að fullmanna leikskóla borgarinnar sökum manneklu. Það hefur leitt til þess að gildandi rekstrarleyfi eru ekki fullnýtt. Mikilvægt er að áætlun um uppbyggingu og fjölgun leikskólarýma taki mið af þeirri stöðu.


1.3 Umhverfis- og skipulagssvið



Rekstur USKRK (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	5.775	5.257	519	9,9%
Laun og launat. gj.	3.729	3.711	18	0,5%
Annar rekstrark.	13.326	12.099	1.227	10,1%
Nettó útgjöld	11.279	10.553	726	6,9%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri umhverfis- og skipulagssviðs í Aðalsjóði fyrir árið 2023 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 11.279 m.kr. eða 726 m.kr. umfram fjárheimildir ársins eða um 6,9%.



Í neðangreindri töflu er framsetningu í samþykktari fjárhagsáætlun sviðsins fylgt og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunalega áætlun, endurskoðaða áætlun og gerður samanburður á niðurstöðum ársins 2022.

Umvhverfis- og skipulagssvið	Eining	Raun 2023	Upprunaleg áætlun 2023	Esk áætlun 2023	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2022	Mism. milli ára	%
Sviðstjóri og miðlægar skrifstofur	UK1	1.173	1.149	1.190	-17	-1,4%	1.018	155	15,2%
Skrifstofa skipulagsfulltrúa	UK2	107	275	287	-180	-62,6%	246	-139	-56,5%
Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar	UK3	-611	-312	-281	-330	117,6%	-377	-234	62,2%
Skrifstofa byggingarfulltrúa	UK4	183	136	153	30	19,7%	172	11	6,4%
Skrifstofa umhverfisgæða	UK5	944	745	930	14	1,5%	978	-33	-3,4%
Skrifstofa heilbrigðiseftirlits	UK6	200	152	169	31	18,2%	180	20	11,1%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	UK7	1.223	1.215	1.226	-3	-0,2%	1.182	41	3,5%
Rekstur og umhirða borgarlandsins	UK9	8.060	6.607	6.879	1.181	17,2%	9.668	-1.608	-16,6%
Umvhverfis- og skipulagssvið	USKRK	11.279	9.967	10.553	726	6,9%	13.067	-1.788	-13,7%

Þjónustubættir USK

Málaflokkar USK (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2023	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2023	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2023	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2023	Frávik	%
Sviðstjóri og miðlægar skrifstofur	270	265	4	759	749	9	684	706	-22	1.173	1.190	-17	-1,4%
Skrifstofa skipulagsfulltrúa	246	98	148	269	252	17	85	133	-49	107	287	-179	-62,6%
Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar	1.723	1.390	333	455	500	-45	656	609	48	-611	-281	-330	117,6%
Skrifstofa byggingarfulltrúa	105	154	-49	270	275	-5	18	32	-14	183	153	30	19,7%
Skrifstofa umhverfisgæða	3.065	2.967	98	1.639	1.610	29	2.370	2.287	82	943	930	14	1,5%
Skrifstofa heilbrigðiseftirlits	169	178	-9	336	324	12	32	22	10	200	169	31	18,2%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	46	68	-22	0	0	0	1.269	1.294	-25	1.223	1.226	-3	-0,2%
Rekstur og umhirða borgarlandsins	152	137	15	0	0	0	8.212	7.016	1.196	8.060	6.879	1.181	17,2%
Samtals	5.775	5.257	519	3.729	3.711	18	13.326	12.099	1.227	11.279	10.553	726	6,9%

Skrifstofa Skipulagsfulltrúa var 179 m.kr. innan fjárheimilda ársins. Frávikið má rekja til þess að tekjur voru 148 m.kr. umfram áætlun, en þar af voru skipulagsgjöld frá ríkinu 151 m.kr. umfram áætlun ársins. Laun voru 17 m.kr. umfram fjárheimildir ársins en á móti var annar rekstrarkostnaður 49 m.kr. innan fjárheimilda ársins, sem skýrist einkum vegna minni kaupa á sérfræðipjónustu.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar var 330 m.kr. innan fjárheimilda ársins, sem var einkum vegna Bílastæðasjóðs sem var 322 m.kr. innan fjárheimilda ársins. Tekjur Bílastæðasjóðs voru 330 m.kr. umfram áætlun, laun og launatengd gjöld 49 m.kr. innan fjárheimilda en annar rekstrarkostnaður 57 m.kr. umfram fjárheimildir ársins, sem skýrist einkum vegna kaupa á tölvu- og hugbúnaðarþjónustu vegna uppfærslu á upplýsingakerfum.

Rekstur og umhirða borgarlandsins var 1.181 m.kr. umfram fjárheimildir ársins einkum vegna Reksturs gatna og opinna svæða sem var 1.181 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist mest af vetrarþjónustu sem var 961 m.kr. umfram fjárheimildir, hreinsun borgarlandsins var 30 m.kr. umfram fjárheimildir og grassláttur var 30 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Þá var tap á rekstri hverfastöðva 220 m.kr. sem var fært á kostnaðarstaðinn U9040 Rekstur gatna og opinna svæða. Tapið má að mestu skýra vegna langtímaveikinda.

Taflan hér að neðan sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri umhverfis- og skipulagssviðs:


Lykiltölur úr rekstri USK	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Raun 2023	Breyting 2022-23
Skrifstofa byggingarfulltrúa						
Samþykktir m ³	866.323	806.232	805.520	695.151	775.621	12%
Byggðir m ³ (lokið við)	667.702	918.973	579.345	634.662	596.268	-6%
Fullgerðar íbúðir	1.003	1.572	1.252	1.062	874	-18%
Hafin smíði nýrra íbúða	846	1.174	1.065	913	690	-24%
Skrifstofa heilbrigðiseftirlits						
Útgefin starfsleyfi	610	487	445	496	370	-25%
Fjöldi eftirlitsferða	3.500	3.100	3.892	3.301	2.879	-13%
Svifryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar)	12	7	11	3	8	167%
Rekstur og umhirða borgarlandsins						
Sláttur - flatarmál (m ²)	4.724.056	4.697.828	4.716.009	4.719.977	4.727.008	0%
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m ²) [*]	6.621.095	6.622.964	5.762.158	5.831.958	5.867.739	1%
Útgefin afnotaleyfi	1.191	1.318	1.379	1.387	1.172	-16%
Skrifstofa skipulagsfulltrúa						
Fjöldi mála á afgreiðslufundi	1.748	1.583	2.014	1.738	1.614	-7%
Deiliskipulag auglýst í B-deild	128	134	123	112	85	-24%
Grk. / þar af v. byggingarl.ums.	95/40	79/35	91/41	96/45	66/30	
Skrifstofa umhverfisgæða						
Nemendur í Vinnuskóla	2.295	3.316	3.621	3.251	3.256	0%
Blandaður úrgangur [tonn]	17.434	17.899	17.611	17.540	14.460	-17,6%
Pappír- og pappi í bláar tunnur [tonn]	2.914	2.596	2.489	2.428	2.393	-1%
Plast í grænar tunnur [tonn]	394	455	446	505	835	65%
Matarleifar í brúnar tunnur [tonn]	-	-	76	102	2.163	2021%
Magn blandaðs úrgangs á íbúa [kg/íbúa]	134	136	132	129	103	-20%

* 2021 einungis götur og gönguleiðir Reykjavíkurborgar

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Vetrarþjónusta Reykjavíkurborgar var 961 m.kr. umfram fjárheimildir á árinu vegna þess að síðasti vetur var afar snjópungur. Hér er um afar mikinn kostnaðarauka að ræða umfram fjárheimildir. Unnin hefur verið greining á þjónustustigi og það kostnaðarmetið. Mikilvægt er að fylgst verði með árangri af umbótum.

1.4 Velferðarsvið



Rekstur VEL (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	8.421	6.977	1.445	20,7%
Laun og launat. gj.	29.827	28.580	1.247	4,4%
Annar rekstrark.	17.284	15.795	1.489	9,4%
Nettó útgjöld	38.690	37.398	1.291	3,5%

Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var

38.690 m.kr. sem var 1.291 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,5%. Frávik skýrist helst af þjónustu við börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraskanir sem voru 561 m.kr.

Búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk, fyrir heimilislausa og einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir sem voru 252 m.kr. vistgreiðslum barnaverndar sem voru 441 m.kr. og stuðnings- og stoðþjónustu sem var 295 m.kr. umfram fjárheimildir.

Tekjur voru 1.445 m.kr. hærri en áætlun sem skýrist helst af endurgreiðslu frá ríkinu vegna 15. gr. laga um félagsþjónustu sem var 954 m.kr. hærri en áætlun. Endurgreiðsla að fjárhæð 230 m.kr. frá ríkinu fyrir fyrir börn með fjölpættan vanda. Tekjur Droplaugarstaða voru 188 m.kr. hærri en áætlað var m.a vegna hækkunar daggjalds og RAI mats.


Laun og launatengd gjöld voru 1.247 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,4%. Frávik skýrist meðal annars af orlofsuppgjöri sem ekki var áætlað fyrir, alls 332 m.kr. á árinu. Frávik skýrist einnig af fjölpættum vanda í búsetu fatlaðs fólks, álagi í kjörnum og veikindum starfsmanna. Meðalveikindahlutfall á velferðarsviði var 7,5% á árinu sem samsvarar 181 stöðugildi. Langtímaveikindi voru 2,1% á árinu sem samsvarar 51 stöðugildi en 328 einstaklingar voru í langtímaveikindum á árinu.

Annar rekstrarkostnaður var 1.489 m.kr. umfram fjárheimildir eða 9,4%. Frávik skýrist að stærstum hluta af þjónustu við börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Gjöld vegna vistunar barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir (fjölpættan vanda) voru á tímabilinu 2.713 m.kr. eða 856 m.kr. umfram fjárheimildir eða 46%. Annars vegar er um að ræða vistanir á vegum miðstöðva vegna fatlaðra barna og ungmenna og hins vegar er um að ræða börn sem eru vistuð á vegum Barnaverndar Reykjavíkurborgar. Skammtímavistun fyrir börn á vegum Barnaverndar voru 187 m.kr. umfram fjárheimildir, tekjur frá ríkinu fyrir 15.gr. laga komu á móti gjöldum. Frávik skýrist af 135% nýtingu úrræðis á tímabilinu. Kostnaður við stuðningsfjölskyldur vegna barna í félagslegum vanda var 87 m.kr. umfram fjárheimildir eða 102%. Stoðþjónusta var 78 m.kr. umfram fjárheimildir eða 31%. Rekja má yfirfrávikin til lagabreytinga og reglubreytinga Reykjavíkurborgar í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsparfir nr. 38/2018 og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýnir niðurstöðu í rekstri velferðarsviðs fyrir árið 2023 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins í heild með bundnum liðum

voru 42.836 m.kr. sem var 389 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,9%. Fjárhagsaðstoð var 2.641 m.kr. eða 25% innan fjárheimilda og sérstakur húsnæðisstuðningur var 1.505 m.kr. eða 2% innan fjárheimilda. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, upphæðin fyrir tímabil janúar - desember var 1.894 m.kr. m.v. um 1.000 einstaklinga á mánuði.



Í meðfylgjandi töflu er framsetningu í samþyktri fjárhagsáætlun sviðsins fylgt og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2022.

Þjónustubættir VEL (m.kr)	Raun 2023	Upprunaleg áætlun 2023	Esk áætlun 2023	Mismunur á raun og esk	%	Raun 2022	Mism. milli ára	%
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	5.689	5.172	5.822	-133	-2,3%	5.270	418	7,9%
Samningar, framlög og styrkir	5.647	5.375	5.346	301	5,6%	5.355	292	5,5%
Búsetuþjónusta	13.352	12.107	13.100	252	1,9%	12.321	1.031	8,4%
Félagsmiðstöðvar	668	628	659	9	1,3%	730	-62	-8,5%
Dagþjónusta	707	692	737	-29	-4,0%	674	34	5,0%
Heimahjúkrun	0	21	-1	0	-70,0%	3	-3	-107,2%
Heimastuðningur	2.725	2.608	2.772	-47	-1,7%	2.593	132	5,1%
Hjúkrunarheimili	386	261	266	120	45,0%	489	-103	-21,0%
Þjónustuíbúðir	1.331	1.165	1.238	93	7,5%	1.189	141	11,9%
Hælisleitendur og flóttamannaverkefni	6	49	101	-95	-94,2%	-2	7	-461,0%
Vistgreiðslur	1.989	1.548	1.548	441	28,5%	1.525	464	30,5%
Stuðnings- og stoðþjónusta	3.495	3.050	3.200	295	9,2%	3.350	145	4,3%
Framleiðslueldhús	313	178	196	117	59,7%	259	54	20,9%
Virkniverkefni	158	235	167	-8	-4,9%	165	-7	-4,0%
NPA	1.224	1.047	1.215	9	0,7%	998	225	22,6%
Rafræn þjónusta	339	373	337	3	0,8%	292	47	16,2%
Önnur gjöld	660	701	696	-36	-5,2%	613	48	7,8%
Samtals	38.690	35.209	37.398	1.291	3,45%	35.823	2.866	8,0%

Þjónustubættir Velferðarsviðs

Þjónustubættir VEL (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2023	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2023	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2023	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2023	Frávik	%
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	155	1	155	4.542	4.687	-145	1.302	1.136	166	5.689	5.822	-133	-2%
Samningar, framlög og styrkir	222	64	158	46	43	3	5.823	5.367	456	5.647	5.346	301	6%
Búsetuþjónusta	290	89	201	12.325	11.815	510	1.318	1.374	-57	13.352	13.100	252	2%
Félagsmiðstöðvar	99	94	5	301	337	-36	466	417	50	668	659	9	1%
Dagþjónusta	205	192	13	814	689	125	98	239	-141	707	737	-29	-4%
Heimastuðningur	169	194	-25	2.549	2.512	37	345	454	-108	2.725	2.772	-47	-2%
Heimahjúkrun	2.572	2.436	135	2.076	1.892	185	495	544	-49	0	-1	0	-70%
Hjúkrunarheimili	1.968	1.804	164	1.781	1.582	199	574	489	85	386	266	120	45%
Þjónustuíbúðir	197	185	11	1.243	1.132	111	284	291	-7	1.331	1.238	93	8%
Stuðnings- og stoðþjónusta	111	38	73	2.414	2.371	44	1.191	866	325	3.495	3.200	295	9%
Framleiðslueldhús	323	329	-6	294	258	36	342	267	75	313	196	117	60%
Virkniverkefni	26	25	1	145	132	13	39	59	-20	158	167	-8	-5%
NPA	407	381	25	0	0	0	1.630	1.596	34	1.224	1.215	9	1%
Vistgreiðslur	230	0	230	0	0	0	2.219	1.548	672	1.989	1.548	441	29%
Hælisleitendur og flóttamannaverkefni	1.355	1.111	244	642	538	105	719	674	45	6	101	-95	-94%
Rafræn þjónusta	21	0	21	271	267	4	90	70	20	339	337	3	1%
Önnur Verkefni	71	33	38	383	326	57	348	403	-56	660	696	-36	-5%
Samtals	8.421	6.977	1.445	29.827	28.580	1.247	17.284	15.795	1.489	38.690	37.398	1.291	3,45%

Helstu frávik

Búsetuþjónusta sviðsins, þ.e. búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk, fyrir heimilislausa og einstaklinga með miklar og flóknar þjónustubarfir, var 252 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2%. Frávik skýrist meðal annars af aukinni þjónustuþyngd í búsetukjörnum fatlaðs fólks, álagi í kjörnum og veikindum starfsmanna en sífellt er unnið að lausnum í samráði við mannauðsþjónustu sviðsins. Meðalveikindahlutfall var 7,6% á tímabilinu sem samsvarar 74 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 1,9% á tímabilinu sem samsvarar 19 stöðugildum. Frávik vegna orlofsuppgjör var 173 m.kr. á tímabilinu sem var ekki áætlað fyrir.

Samningar, framlög og styrkir voru 301 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6%. Frávik skýrist að stærstum hluta af vistunum fyrir börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraskanir eða 271 m.kr. Akstursþjónusta fyrir aldraða, fatlað fólk og ferðaþjónusta blindra voru 68 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6%.

Hjúkrunarheimili voru 120 m.kr. umfram fjárheimildir eða 45%. Droplaugarstaðir voru 81 m.kr. umfram fjárheimildir eða 41%. Tekjur voru 188 m.kr. hærrí en áætlað var vegna hærrí daggjalda vegna kjarasamningshækkana og vegna hækkunar á RAI mati. Laun og launatengd gjöld voru 206 m.kr. umfram fjárheimildir. Greidd laun vegna veikindaafleysinga voru um 25 m.kr. en daggjöld standa ekki undir þeim kostnaði. Meðalveikindahlutfall var 6,1% á tímabilinu sem samsvarar 7 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 1,6% á tímabilinu sem samsvarar 2 stöðugildum. Óskað verður eftir bætingu upp í þennan kostnað frá Sjúkratryggingum Íslands. Frávik skýrist einnig af rekstri MND deildar en búið er að óska eftir endurskoðun daggjalda sem Sjúkratryggingar greiða. Um 50 m.kr. vantar á ársgrundvelli. Málið var afgreitt frá Sí í desember og fékkst 35,7 m.kr. eingreiðsla upp í þann kostnað.

Seljahlíð var 39 m.kr. umfram fjárheimildir eða 57%. Ein helsta skýringin er sú að Seljahlíð er óhagstæð rekstrareining, en búið er að fækka rýmum á hjúkrunardeild úr 20 í 18. Meðalveikindahlutfall var 8,5% á tímabilinu og langtímaveikindi voru 3,9%. Sjúkratryggingar Íslands hafa gert samkomulag við Reykjavíkurborg um að fresta frekari framkvæmd uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilisins, til og með 31. ágúst 2024. Lögð er áhersla á fulla nýtingu allra rýmanna.

Þjónustuíbúðir voru 93 m.kr. umfram fjárheimildir eða 8%. Breytingar voru gerðar í áætlun 2023 en starfsmenn ekki færðir á réttan þjónustuþátt, því þarf að skoða þjónustuíbúðir og heimastuðninginn saman. Mikil breyting hefur verið á íbúasamsetningu þjónustuíbúða undanfarin ár og fólk með fjölpættan vanda (fíkni- og geðvanda) orðinn stærri hluti íbúa. Meðalveikindahlutfall var 8,8% á tímabilinu sem samsvarar 11 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 2,9% á tímabilinu sem samsvarar 4 stöðugildum. Frávik vegna orlofsuppgjörðs var 16,1 m.kr. á tímabilinu sem var ekki áætlað fyrir.

Þjónusta við flóttafólk og hælisleitendur var greidd eftir þjónustusamningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Tekjur vegna þjónustu við hælisleitendur námu 1.086 m.kr. og gjöldin voru 1.068 m.kr. Á hverjum degi voru að meðaltali 228 einstaklingar í þjónustu hjá velferðarsviði. Tekjur vegna þjónustu við flóttafólk voru 265 m.kr. en Vinnumálastofnun hefur ekki ennþá lokið yfirferð á síðasta ársfjórðungi 2023. Á árinu voru 1.316 einstaklingar að meðaltali með þjónustu á mánuði. Vinnumálastofnun tók við verkefninu á árinu og gert er ráð fyrir lokagreiðslan komi í mars 2024. Ætla má að útistandandi viðbótartekjur Reykjavíkurborgar nemi um 60-80 m.kr.

Vistgreiðslur barnaverndar voru í heild 441 m.kr. umfram fjárheimildir eða 29%. Frávik skýrist af vistun barna á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga þar sem börn með fjölpættan vanda eru vistuð utan heimilis. Tíu börn í forsjá barnaverndar og tíu börn í forsjá foreldra dvöldust í Klettabæ. Einnig er mikil hækkun á kostnaði fyrir hvíldardvöl í einkaúrræði í forsjá foreldris vegna samtals 8 barna. Meðferðaheimilum Barnaverndarstofu hefur verið lokað, einu af öðru á undanförunum áratugum en kostnaði vegna vistana velt yfir á sveitarfélögin.

Stuðnings- og stoðþjónusta, skammtíma vistanir og stuðningsfjölskyldur voru 295 m.kr. umfram fjárheimildir eða 9%. Þar af voru skammtímadvalir fyrir börn 58,7 m.kr. umfram fjárheimildir. Kostnaður við stuðningsfjölskyldur vegna barna í félagslegum vanda var 87 m.kr. umfram fjárheimildir eða 102% og stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra barna 41 m.kr. umfram fjárheimildir eða 24%. Stuðningsþjónusta í heild sinni var 63 m.kr. umfram fjárheimildir eða 7% og stoðþjónusta var 97 m.kr. umfram fjárheimildir eða 38%. Rekja má yfirfrávikin til lagabreytinga og reglubreytinga Reykjavíkurborgar í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Meðalveikindahlutfall var 6,8% á tímabilinu sem samsvarar 12 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 2,6% á tímabilinu sem samsvarar 5 stöðugildum. Frávik vegna orlofsuppgjörðs var 31,7 m.kr. á tímabilinu sem var ekki áætlað fyrir.

Framleiðslueldhúsið var 117 m.kr. umfram fjárheimildir eða 60%. Frávik skýrist af 2,1% aukningu á árinu í afgreiddum máltíðum sem leiðir til hækkunar hráefniskostnaðar. Auk þess var byrjað að bjóða upp á grænmetisfæði og salatbar sem krefst meiri mönnunar. Frávik skýrist einnig af uppsöfnuðu orlofi sem verið er að vinda ofan af með tímabundinni aukinni mönnun. Þjónustan er hluti af 3. gr. í reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu sem er í samræmi við 3. gr. 40. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	794	480	315	65,6%
Laun og launatengd gjöld	13.577	12.978	599	4,6%
Annar rekstrarkostnaður	7.118	6.755	363	5,4%
Nettó útgjöld	19.901	19.254	647	3,4%

Nettó útgjöld velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks voru 19.901 m.kr. sem var 647 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,4%. Tekjur voru 794 m.kr. eða um 315 m.kr. hærrí en áætlað var. Frávik skýrist af greiðslum frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu vegna samninga um öryggisþjónustu og vistun barna með alvarlegar þroska- og

geðraskanir. Laun og launatengd gjöld voru 13.577 m.kr. eða 599 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,6% sem skýrist helst af miklu uppsöfnuðu orlofi sem starfsfólk tók út á fyrsta ársfjórðungi, orlofsuppgjóri og veikindum. Kostnaður vegna langtímaveikinda á árinu var 200 m.kr. en áætlun 92 m.kr. Annar rekstrarkostnaður var 7.118 m.kr. sem var 363 m.kr. eða 5,4% umfram fjárheimildir. Frávik skýrist helst af vistun barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir 440 m.kr. umfram fjárheimildir á árinu. Meðalveikindahlutfall var 8,1% á tímabilinu og langtímaveikindi voru 2,1% á árinu sem endurspeglast ekki í áætlun.

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri velferðarsviðs:

Lykiltölur úr rekstri - VEL	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2022-23
Heimastuðningur						
Fjöldi notenda	3.603	3.568	3.614	3.570	3.434	-3,81%
Heildarkostnaður - mil. kr	2.106	2.344	2.608	2.725	2.725	0,02%
Heimahjúkrun						
Fjöldi notenda	2.457	2.684	2.834	2.905	2.826	-2,72%
Heildarkostnaður - mil. kr	1.554	1.722	1.811	2.401	2.572	7,11%
Framleiðslueldhús heimsendur matur						
Fjöldi notenda	829	1.347	1.122	1.018	1.005	-1,28%
Fjöldi máltíða	88.565	128.213	128.253	128.542	131.241	2,10%
Stuðnings- og stoðþjónusta						
Heildarkostnaður - mil. kr	2.224	1.929	2.406	2.973	3.495	17,54%
Stuðnings- og stoðþjónusta fjöldi notenda		418	439	415	385	-7,23%
Stoðþjónusta fjöldi notenda	216	258	275	280	335	19,64%
Stuðningsfjölskyldur fjöldi barna	194	230	237	229	221	-3,49%
Stuðningsfjölskyldur fjöldi fatlaðra barna	196	188	193	195	179	-8,21%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs var 1.291 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,5% sem skýrist einkum af þjónustu við börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraskanir, búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk, úrræði fyrir heimilislausla með miklar og flóknar þjónustuþarfir, vistgreiðslum barnaverndar og stuðnings- og stoðþjónustu.
- Tekjur voru 1.445 m.kr. hærrí en áætlun sem rekja má að mestu til endurgreiðslu frá ríkinu og hærrí daggjalda til Droplaugarstaða.
- Laun og launatengd gjöld voru 1.247 m.kr. umfram fjárheimildir sem rekja má að hluta til afleysinga vegna orlofstöku starfsfólks. Einnig af aukinni þjónustuþyngd í búsetukjörnum fatlaðs fólks og veikindum starfsmanna sem ekki var gert ráð fyrir í rekstrinum.
- Annar rekstrarkostnaður var um 1.489 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist einkum af þjónustu við börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraskanir.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Stuðnings- og stoðþjónusta var 295 m.kr. umfram fjárheimildir eða 9%. Útgjöld hafa farið vaxandi á síðustu árum ekki síst í ljósi innleiðingu laga nr. 38/2018. Framúrkeyrslan á tímabilinu er vísbending um að útgjöld séu að þróast með óhagstæðum hætti. Mikilvægt er að reglur Reykjavíkurborgar rammi inn þjónustustig í samræmi við stefnu borgarinnar og fjárheimildir.
- Útgjöld vegna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir voru 561 m.kr. umfram fjárheimildir. Auk þess voru útgjöld vegna barnaverndar 441 m.kr. yfir fjárheimildum. Kostnaður hefur aukist afar mikið á síðustu árum. Þá hefur meðferðarheimilum Barnaverndarstofu verið lokað, einu af öðru á undanförunum áratug en kostnaði vegna vístana velt yfir á sveitarfélögin. Hér er um mjög alvarlega stöðu að ræða þar sem útgjöld hafa hækkað mikið á síðustu árum. Þörf er á frekari stefnumörkun um hvernig tekist er á við þennan vanda, kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og markvissum áætlunum til úrbóta.
- Heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 21.689 m.kr. en tekjur námu aðeins 13.467 m.kr. Heildarniðurstaða var því neikvæð um 8.222 m.kr. Vorið 2022 var skipaður starfshópur með fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, innviðaráðuneytisins, félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem stýrt var af Haraldi Líndal Haraldssyni um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Hópurinn skilaði áfangaskýrslu sinni í janúar 2024 með ítarlegri greiningu á stöðu málaflokksins á landsvísu. Helstu niðurstöður sýna að hallinn af málaflokki árið 2021 var 14,2 ma.kr. Þá koma fram sterkar vísbendingar um að útgjöld til þjónustunnar haldi áfram að vaxa umtalsvert á næstu árum, enda framundan mikil uppbyggingarþörf vegna búsetuúrræða og fleiri þátta. Það er mat sveitarfélaganna að til framtíðar þurfi að hækka útsvarið um 1,21% til að takast á við verkefnið að öðru óbreyttu. Alþingi samþykkti í lok árs 2023 að hækka útsvar um 0,23%-stig sem tók gildi frá og með ársbyrjun 2024. Ljóst er að enn vantar umtalsvert upp á fulla fjármögnun málaflokksins og að áframhaldandi uppbygging þjónustunnar veltur á því að niðurstaða fái stíð í samningum við ríkið vegna þessa.
- Útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur frá ríkinu til rekstrar voru 386 m.kr. Viðvarandi rekstrarhalli er á Seljahlíð þar sem daggjöld standa ekki undir kostnaði. Reykjavíkurborg sagði upp samningi við ríkið um rekstur þess sem átti að koma til framkvæmda á síðasta ári en var framlengdur til 31.08.2024. Mikilvægt er að sækja eðlilegar útgjaldahækkningar til ríkisins svo unnt sé að halda uppi umsömdu þjónustustigi og að niðurlagning hjúkrunarrýma í Seljahlíð nái fram að ganga.

1.4.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	1.904	949	954	100,5%
Gjöld	6.050	5.998	52	0,9%
Nettó útgjöld	4.147	5.049	-903	-17,9%

Fjárhagsaðst. (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Framfærslustyrkur	3.362	3.318	44	1,3%
Endurgreiðslur frá ríki v. 15. gr.	-1.894	-949	-945	99,6%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	702	770	-68	-8,8%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	418	233	185	79,5%
Heim.gr. 16.gr. A aðstoð v/barna	54	139	-85	-61,2%
Nettó útgjöld	2.641	3.510	-869	-24,8%

Notendur fjárhagsaðstoðar (fjöldi)	Fjöldi jan.-des. 2023	Fjöldi jan.-des. 2022	Br. milli ára	%
Fjárhagsaðstoð alls	4.456	4.558	-102	-2,2%
Fjárhagsaðstoð 6 mán. eða lengur	860	839	21	2,5%
Framfærslustyrkur	3.260	3.352	-92	-2,7%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	2.849	3.212	-363	-11,3%

ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Upphæðin fyrir tímabilið janúar - desember er metin 1.894 m.kr. Með tilliti til áætlaðrar endurgreiðslu eru gjöld vegna fjárhagsaðstoðar 2.624 m.kr. sem er 877 m.kr. innan fjárheimilda eða 25%.

Framfærslustyrkur nam 3.362 m.kr. sem var 44 m.kr. eða 1,3% umfram fjárheimildir. Notendum hefur fækkað um 92 frá því á sama tímabili í fyrra eða dregist saman um 2,7% og eru nú 3.260 einstaklingar sem hafa fengið framfærslustyrk einhvern tímann á tímabilinu janúar til desember 2023. Fjöldi notenda sýnir uppsafnaðan fjölda notenda á tímabilinu samanborið við sama tímabil í fyrra en línuritíð sýnir fjölda í hverjum mánuði.

Heimildargreiðslur voru með samtals gjöld 1.156 m.kr. Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar voru 684 m.kr. sem var 75 m.kr. innan fjárheimilda eða 9,9%. Heimildargreiðslur vegna átaksverkefna námu 418 m.kr. og voru 233 m.kr. umfram fjárheimildir eða 79,5%. Launakostnaður og rekstur vegna atvinnu- og virknimiðlunar greiðist af átaksverkefnum og skýrir hvers vegna kostnaður fer umfram fjárheimildir. Einnig var millifærður kostnaður vegna starfsþjálfunarsamninga einstaklinga. Kostnaður tengdur rekstri Virkniúss og starfsþjálfunarsamningum nemur 153,6 m.kr. Án kostnaðar vegna atvinnu- og virknimiðlunar er heildarkostnaður vegna átaksverkefna 264 m.kr. sem er 31 m.kr. umfram fjárheimildir.


Heimildargreiðslur 16. gr. reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð vegna aðstoðar til barna voru innan fjárheimilda um 54 m.kr. eða 85%. Heimildargreiðslur í heild voru því 25 m.kr. innan fjárheimilda. Heimildargreiðslum til notenda á fjárhagsaðstoð hefur fækkað ásamt fjölda notenda með framfærslustyrk. Fjöldi þeirra sem fengu heimildargreiðslur 2023 var 2.849 sem er fækkun um 363 notendur og hefur dregist saman um 11,3% miðað við árið 2022.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu var hækkuð um 5%. Reglurnar tóku gildi frá og með 1. júlí 2023. Áætlað var að aukin gjöld við breytinguna nemi um 90 m.kr. fyrir tímabilið júlí – desember 2023.

Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum velferðarsviðs, þ.e. prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Gjöld bundinna liða voru 6.050 m.kr. sem var 52 m.kr. eða 0,9% umfram fjárheimildir. Nettó gjöld vegna fjárhagsaðstoðar námu 2.624 m.kr. og nettó gjöld vegna sérstaks húsnæðisstuðnings námu 1.506 m.kr. Áætluð endurgreiðsla frá ríkinu vegna 15. gr. laga um félagsþjónustu var metin fyrir tímabilið janúar - desember 2023, 949 m.kr. en voru í árslok 1.894 m.kr. eða 945 m.kr. umfram áætlun. Niðurstaða bundinna liða er því metin 903 m.kr. innan fjárheimilda eða 17,9%.

Fjárhagsaðstoð: Gjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru 4.518 m.kr. á árinu sem var 68 m.kr. umfram fjárheimildir eða 1,5%. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra



Sérstakur húsnæðisstuðningur: Nettó útgjöld voru 1.506 m.kr. sem var 33 m.kr. eða 2,2% innan fjárheimilda.


Sérstakur húsnæðisstuðningur	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	654	696	-43	-6,1%
Sérstakur húsnæðist. félagsl. húsn.	852	843	9	1,1%
Nettó útgjöld	1.506	1.539	-33	-2,2%

Notendur sérstakur húsn. (fjöldi)	Fjöldi jan-des 2023	Fjöldi jan-des 2022	Br. milli ára	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	2.373	2.351	22	0,9%
Sérstakur húsnæðist. félagsl. húsn.	2.199	2.146	53	2,5%

Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur í félagslegu húsnæði var 852 m.kr. sem var 9 m.kr. eða 1,1% umfram fjárheimildir. Notendum með sérstakan húsnæðisstuðning í félagslegu húsnæði fjölgaði um 53 frá sama tímabili 2022.

Tekjumörk voru hækkuð um 7,4% í samræmi við lög um húsnæðisbætur. Reglurnar tóku gildi frá og með 1. janúar 2023. Afturvirk leiðrétting vegna fyrstu þriggja mánaða ársins sem greidd var í apríl nam 34,9 m.kr. eða um 11,6 m.kr. hækkun gjalda á mánuði. Tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings voru hækkuð um 2,5% til viðbótar í samræmi við hækkun tekjumarka ríkisins í lögum um húsnæðisbætur. Seinni hækkunin tók einnig gildi frá 1. janúar 2023 og nemur því heildarhækkun tekjumarka á árinu 2023 9,9%. Afturvirk leiðrétting á tekjumörkum var framkvæmd í júlí 2023.

Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur á almennum leigumarkaði var 654 m.kr. eða 43 m.kr. innan fjárheimilda. Notendum fjölgaði um 22 frá sama tímabili í fyrra. Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda á tímabilinu samanborið við uppsafnaðan fjölda á sama tímabili í fyrra. Línuritið sýnir fjölda notenda í hverjum mánuði.




Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri velferðarsviðs-bundnir liðir:

Lykiltölur úr rekstri - VEL	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2022-23
Fjárhagsaðstoð						
Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - Fjöldi heimila	2.195	2.539	2.433	3.352	3.260	-2,74%
Heimildargreiðslur alls - Fjöldi heimila	1.641	2.152	2.277	3.212	2.849	-11,30%
Fjárhagsaðstoð alls - Fjöldi heimila	2.930	3.421	3.521	4.558	4.456	-2,24%
Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - mil.kr.	2.045	2.731	2.728	3.246	3.362	3,57%
Heimildargreiðslur - mil. kr.	528	625	585	801	765	-4,53%
Fjárhagsaðstoð samtals mil. kr.	2.704	3.511	3.479	4.314	4.484	3,94%
Húsaleigubætur						
Sérstakar húsaleigubætur - Fjöldi heimila	1.571	2.039	2.338	2.351	2.373	0,94%
Sérst. húsaleigub. Félagsb - Fjöldi heimila	1.930	2.103	2.287	2.146	2.199	2,47%
Sérstakar húsaleigubætur - mil. kr.	385	496	597	639	654	2,35%
Sérst. húsaleigub. Félagsb. - mil. kr.	527	593	650	713	852	19,54%

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Bundnir liðir voru 903 m.kr. innan fjárhagsáætlunar eða 17,9%. Þar af var fjárhagsaðstoð 877 m.kr. eða 25% innan fjárhagsáætlunar og sérstakur húsnæðisstuðningur var 33 m.kr. eða 2,2% innan fjárhagsáætlunar.


1.5 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu



Rekstur RHS (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	134	124	10	8,2%
Laun og launat. gj.	1.743	1.780	-37	-2,1%
Annar rekstrark.	479	532	-53	-10,0%
Nettó útgjöld	2.089	2.189	-100	-4,6%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu fyrir árið 2023 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 2.089 m.kr. eða 100 m.kr. innan fjárheimilda.



Tekjur voru 134 m.kr. eða 10 m.kr. yfir áætlun. Innri endurskoðun og ráðgjöf var 23 m.kr. yfir áætlun vegna vinnu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og styrkir voru 15 m.kr. undir áætlun vegna styrkja frá EU.

Laun og launatengd gjöld voru 1.743 m.kr. eða 37 m.kr. umfram fjárheimildir. Laun íbúaráðs var 7 m.kr. umfram fjárheimildir, aðrir kostnaðarstaðir voru innan fjárheimilda.

Annar rekstrarkostnaður var 479 m.kr. eða 53 m.kr. innan fjárheimilda. Meginástæða þess er að ýmis verkefni fara seinna af stað en áætlað var.

Í meðfylgjandi töflu er framsetningu í samþykktari fjárhagsáætlun sviðsins fylgt og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2022.

Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	Eining	Raun 2023	Upprunaleg áætlun 2023	Esk. áætlun 2023	Mismunur á raun og esk. áætlun	%	Raun 2022	Mism. milli ára	%
Borgarlögmaður	BLÖ	165	168	177	-12	-6,5%	160	5	3,1%
Innri endurskoðun og ráðgjöf	END	208	212	223	-15	-6,9%	184	24	13,0%
Mannréttindaskrifstofa	MAR	330	354	362	-32	-8,9%	322	8	2,4%
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	SBO	712	475	722	-10	-1,4%	753	-41	-5,5%
Skrifstofa borgarstjórnar	SBS	673	627	705	-32	-4,5%	676	-3	-0,4%
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	RHS	2.089	1.836	2.189	-100	-4,6%	2.096	-7	-0,3%

Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

Málaflokkar RHS (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2023	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2023	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2023	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2023	Frávik	%
Borgarlögmaður	0	1	0	151	156	-6	15	21	-6	165	177	-12	-6,5%
Innri endurskoðun	63	40	23	217	226	-9	53	37	16	208	223	-15	-6,9%
Mannréttindaskrifstofa	3	4	-1	291	290	1	42	75	-33	330	362	-32	-8,9%
Skrifst.borgarstjóra og borgarritara	68	79	-11	494	513	-19	286	288	-2	712	722	-10	-1,4%
Skrifstofa borgarstjórnar	0	0	0	590	594	-4	83	111	-28	673	705	-32	-4,5%
Samtals	134	124	10	1.743	1.780	-37	479	532	-53	2.089	2.189	-100	-4,6%

Borgarlögmaður var 12 m.kr. innan fjárheimilda.


Innri endurskoðun var 15 m.kr. innan fjárheimilda vegna meiri tekna vegna vinnu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur.

Mannréttindaskrifstofa var 32 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að ekki náðist að vinna öll verkefni sem voru á áætlun.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara var 10 m.kr. innan fjárheimilda.

Skrifstofa borgarstjórnar var 32 m.kr. innan fjárheimilda.

1.6 Sameiginlegur kostnaður



Rekstur ÖNN (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	1	0	0	50,0%
Laun og launat. gj.	519	3.704	-3.185	-86,0%
Breyting lífeyriskb.	3.760	1.500	2.260	150,6%
Annar rekstark.	3.971	4.238	-267	-6,3%
Nettó útgjöld	8.250	9.442	-1.193	-12,6%

Tekjur voru samkvæmt áætlun.



Laun hjá sameiginlegum kostnaði voru 3.185 m.kr. innan fjórheimilda vegna ófyrirséðs og launa og starfsmannakostnaðar.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga nam 3.760 m.kr. sem var 2.260 m.kr. yfir áætlun. Breyting lífeyrisskuldbindingar við LsRb nam 1.505 m.kr. og var 5 m.kr. yfir áætlun. Jafnframt var færð til gjalda og skuldar áfallin lífeyrisskuldbinding A-hluta vegna tryggingarfræðilegs endurmats Lífeyrissjóðs Brúar vegna starfsmanna sem höfðu hafið töku lífeyris eða höfðu náð 60 ára aldri árið 2017. Áunnin réttindi þessa hóps eru tryggð af launagreiðanda. Áfallin gjaldfærsla vegna þessa hóps nam 2.254 m.kr. en ekki var gert ráð fyrir þessum kostnaði í áætlun.

Annar kostnaður nam 3.971 m.kr. hjá sameiginlegum kostnaði sem var 267 m.kr. innan fjórheimilda. Styrkir og ýmis framlög voru 65 m.kr. innan fjórheimilda. Annar kostnaður vegna atvinnumála var 8 m.kr. innan fjórheimilda. Rekstur miðlægs tölvukerfis var 14 m.kr. umfram fjórheimildir, Innheimtukostnaður skatttekna var 29 m.kr. umfram fjórheimildir. Starfsmannakostnaður var 83 m.kr. umfram fjórheimildir þar af voru slysbætur 23 m.kr. umfram fjórheimildir. Kosningar voru samkvæmt áætlun. Ýmis kostnaður var 347 m.kr. innan fjórheimilda þar af var ófyrirséð 299 m.kr. innan fjórheimilda. Aðgerðaáætlun var 27 m.kr. umfram fjórheimildir.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu á sameiginlegum kostnaði fyrir árið 2023 í samanburði við fjórheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 8.250 m.kr. en áætlað var að þau yrðu 9.442 m.kr. sem var 1.193 m.kr. innan fjórheimilda ársins.



Í meðfylgjandi töflu er framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins fylgt og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins,

ginlegur kostnaður	Eining	Raun 2023	Upprunaleg áætlun 2023	Esk. áætlun 2023	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2022	Mism. milli ára	%
Styrkir og framög	ONNO10	737	725	802	-65	-8,1%	613	123	20,1%
Atvinnumál	ONNO20	54	67	68	-14	-20,1%	311	-257	-82,6%
Rekstur miðlægs tölvukerfi	ONNO25	168	135	154	14	9,2%	124	44	35,1%
Innheimtukostnaður skatttekna	ONNO30	995	966	966	29	3,0%	885	110	12,4%
Starfsmannakostnaður	ONNO40	403	6.133	989	-586	-59,2%	509	-106	-20,8%
Kosningar	ONNO50	0	0	2	-2	-94,4%	139	-139	-99,9%
Ýmis kostnaður	ONNO60	1.748	6.693	4.603	-2.856	-62,0%	1.088	659	60,6%
Aðgerðaráætlun	ONNO70	0	-28	-28	28	N/A	0	0	N/A
Breytingar lífeyrisskuldbindinga	ONNLIF	4.145	1.885	1.885	2.260	119,9%	5.852	-1.707	-29,2%
Sameiginlegur kostnaður	ONN	8.250	16.577	9.442	-1.193	-12,6%	9.522	-1.273	-13,4%

upprunalegri áætlun, endurskoðaðri áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2022.

Málaflokkar hjá sameiginlegum kostnaði

